



Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

September 2007 nr. 147

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Bragi Þorgrímur Ólafsson

bragio@bok.hi.is

HÁDEGISFUNDIR HEFJAST

HVAÐ ER EVRÓPA? / HVAD ER VARÐVEISLA?

Það er komið haust og eins örugglega og fé kemur af fjalli hefjast hádegisfyrirlestrar Sagnfræðingafélagsins í kringum réttir, eða nánar tiltekið 11. september næstkomandi. Óskað var eftir hugmyndum frá félagsmönnum um yfirskrift fyrir fyrirlestraröð félagsins, en einnig var grafið í sarpinn og litið á eldri hugmyndir. Fyrir valinu urðu tvö þemu, annars vegar *Hvað er Evrópa?* sem verður yfirskrift fyrirlestranna á hausti komanda, og hins vegar *Hvað er varðveisla?* sem mun halda okkur við efnið á vormisseri.

Hvað er Evrópa?

Tenging Íslands við Evrópuhugtakið hefur komið reglubundið upp í dægurmálaumræðunni undanfarin ár og sýnist hverjum sitt um tengsl Íslands við þá þróun sem átt hefur sér stað í Evrópu undanfarna áratugi, með tilkomu Evrópusambandsins, evrópska efnahagssvæðisins, Evrunnar og evrópska háskólasvæðisins. Í fyrirlestraröðinni verður leitast við að kryfja Evrópuhugtakið í fortíð og samtíð.

Hvað er varðveisla?

Varðveisla vitnisburðar um fortíðina er órjúfalegur hluti af starfi þeirra sem rannsaka liðna tíð. Á undanförunum árum hefur þessari starfsemi vaxið mjög fiskur um hrygg, sérhæfing innan þessa geira verður sífellt algengari og mikilvægi varðveislunnar sem þjónustustarf fyrir fræðimenn og almenning skipar æ stærri sess í íslensku þjóðfélagi. Það er því ekki úr vegi að fræðast nánar um viðhorf sérfræðinga til þessa málefnis á komandi vorönn.

Að venju munu fyrirlestrarnir verða fluttir í salarkynnum Þjóðminjasafns. Dagskrá hádegis-funda vetrarins er að finna á bls. 5.

Hrefna M. Karlsdóttir

formaður Sagnfræðingafélags Íslands

WWW.SAGNFRAEDINGAFELAG.NET

HÁDEGISFUNDIR Í NÍU ÁR

Óhætt er að segja að hádegisfundir Sagnfræðingafélagsins hafi eftir starf félagsins og aukið fræðilega umræðu á sviði íslenskrar sagnfræði allt frá því að þeir hófust í fyrirlestrarsal Þjóðar-bókhöðunnar í febrúar 1998.

Umræður um efni fyrirlestranna eru oft áhugaverðar og halda stundum áfram eftir að fundartíma lýkur. Þannig hafa fjölmiðlar oft veitt fyrirlestrunum athygli, bæði í dagblöðum og í útvarpi, og félagsmenn hafa rætt um þá á Gammabrekku, póstlista félagsins. Skemmst er til dæmis að minnst mikillar umræðu um hugtakið „kanon“ í sagnfræði í lok apríl og í maí í fyrra, þegar velja átti viðfangsefni síðustu fundarraðar, en þá lagði fjöldi félagsmanna orð í belg.

Við val á þema er oft reynt að finna sameiginlegan flöt á ýmsum hugmyndum frá félagsmönnum. Meðal hugmynda að viðfangsefnum sem komið hafa fram síðustu misseri eru: *Hvað er íslensk sagnfræði?* *Hvað er náttúrusýn?*

Hvað er stóriðja? Hvað er sannleikur? Hvað er miðlun? Hvað á að kenna? Hvað er lýðræði? Hvað er kreppa? Hvað er jafnrétti? Hvað eru amerísk áhrif? ... og margt fleira.

Fyrirlestrarnir hafa birst í ýmsu formi í gegnum árin. Fyrirlestrana á fundarröðunum *Hvað er stjórnmálasaga?* (haust 2000) og *Hvað er póstmóðernismi?* (vor 2000) eru að finna á gamalli heimasíðu *Kistunnar*, sem er enn virk (www.hi.is/~mattsam). Þar má einnig finna marga aðsenda pistla frá ýmsum fræðimönnum þar sem skipst er á skoðunum um póstmóðernisma. Fundirnir voru einnig teknir upp á stafrænt form um tíma, og erindin á fundunum *Hvað er borg?* (vor 2003) voru gefin út í bókinni *Borgarbrot*. Þá má finna ýmsa nýrri fyrirlestra í heild sinni á nýlegri heimasíðu *Kistunnar*, (www.kistan.is). Stefnt er að því að taka upp fyrirlestra vetrarins á stafrænt form. Bragi Þorgrímur Ólafsson

ÚR STARFI FÉLAGSINS

Aðalfundur

Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands var haldinn í húsi Sögufélags laugardaginn 31. mars sl. Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf undir fundarstjórn Guðmundar Jónssonar. Guðni Th. Jóhannesson, fráfarandi formaður félagsins, kynnti ársskýrslu stjórnarinnar fyrir starfsárið 2006-2007. Skýrslan var borin upp til atkvæða og samþykkt einróma. Hilma Gunnarsdóttir gjaldkeri lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins, og voru þeir einnig samþykktir einróma. Engar tillögur að lagabreytingum höfðu borist stjórninni og því eru lög félagsins óbreytt.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn félagsins. Guðni Th. Jóhannesson lauk stjórnartíð sinni, en hann var búinn að vera formaður síðan í mars 2004. Hrefna M. Karlsdóttir sagnfræðingur var kosinn formaður í stað Guðna. Hrefna lauk doktorsgráðu í sagnfræði frá Háskólanum í Gautaborg árið 2005 og starfar nú hjá Sjávarútvegsráðuneytinu. Hilma Gunnarsdóttir og Súsanna Margrét Gestsdóttir luku einnig stjórnarsetu sinni. Í stað þeirra voru kjörin Magnús Lyngdal Magnússon, sem er gjaldkeri félagsins, og Brynhildur Einarsdóttir, sem er meðstjórnandi. Gísli Gunnarsson og Arnþór Gunnarsson voru kjörnir skoðunarmenn reikninga til eins árs. Í stjórn landsnefndar sagnfræðinga til eins árs voru kjörin þau Halldór Bjarnason og Sigrún Sigurðardóttir. Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar að árgjald félagsins yrði óbreytt, eða kr. 2.500. Í lok fundarins var Guðna færð gjöf frá stjórn félagsins sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf.

Eftir fundarhlé hélt hinn nýkjörni formaður félagsins erindið „Deilur á alþjóðlegu hafsvæði. Síldveiðarnar í Norðursjó 1950-1976.“ Eftir erindið urðu nokkuð fjörugar umræður, enda mættu nokkrir menn á fundinn sem höfðu ákveðnar skoðanir og reynslu af fiskveiðistjórnunarmálum. Í lok fundarins kynnti Hrafnkell Lárusson sagnfræðingur nokkur nýútkomin rit.

Að fundinum loknum var haldið á veitingastaðinn Fjalaköttinn í Aðalstræti þar sem snæddur var kvöldverður.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands 2007-08

Hrefna M. Karlsdóttir, formaður
Guðbrandur Benediktsson, varaformaður
Þórunn Magnúsdóttir, ritari
Magnús Lyngdal Magnússon, gjaldkeri
Bragi Þorgrímur Ólafsson, ritstjóri fréttabréfs
Unnur María Bergsveinsdóttir, vefstjóri
Brynhildur Einarsdóttir, meðstjórnandi

Hádegisfundir

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra lauk fundarröðinni *Hvað er sagnfræði?* – miðlun í byrjun maí. Að venju hefur fundarröðin gengið vel, fundirnir hafa verið vel sóttir og vakið nokkra athygli. Guðbrandur Benediktsson, varaformaður Sagnfræðingafélagsins, var fundarstjóri í vetur. Á vormisseri voru eftirtaldir fyrirlestrar: Þorgerður Katrín „Miðlun menningararfs“, Ævar Kjartansson „Sagan sögð í útvarpi“, Eggert Þór Bernharðsson „Ferð til fortíðar. Sögusýningar á Íslandi“, Gísli Sigurðsson „Arfur og miðlun: Hugmyndafræði og nýjar rannsóknir“, Ágúst Guðmundsson „Þjóðveldisöldin kvikmynduð“, Hannes Hólms-teinn Gissurarson „Heimildagildi heimildamynda“, Súsanna Margrét Gestsdóttir „Sögukennsla: Nema hvað? Hvernig?“, Sverrir Jakobsson: „Hvort kemur á undan – rannsóknir eða miðlun?“ Nú í byrjun september hefjast fundirnir svo aftur með nýju þema – *Hvað er Evrópa?* fyrir áramót og *Hvað er varðveisla?* eftir áramót.

Stefnir í stjórnarkreppu?

Föstudaginn 4. maí stóð Sagnfræðingafélag Íslands, Stofnun um stjórnsýslu og stjórnarmál og Morgunblaðið að málþingi um stjórnarmyndanir undir yfirskriftinni *Stefnir í stjórnarkreppu? For-dæmi úr fortíðinni*. Frummælendur voru: Stefánía Óskarsdóttir stjórn málafræðingur: „Þingræði og myndun ríkisstjórna 1944-1959“, Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur: „Stjórnarandstöðumyndunarviðræður 1971-1995“, Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur: „Hverju breyttu kosningar?“ og Agnes Bragadóttir blaðamaður: „Stjórnarmyndunarkostir í kjölfar kosninga.“

Landsbyggðarráðstefnan *Hálendi hugans*

Níunda landsbyggðarráðstefna Sagnfræðinga

Skráning á Gammabrekku, póstlista Sagnfræðingafélags Íslands er á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>

Hægt er að sjá eldri skeyti á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/private/gammabrekka/>

ÚR STARFI FÉLAGSINS

félags Íslands og Félags Þjóðfræðinga á Íslandi fór fram helgina 1.-3. júní 2007. Var hún haldin á hinu nýja og glæsilega Heklusetri á Leirubakka í Landsveit.

Setningarfyrirlestur ráðstefnunnar hélt Guðmundur Jónsson sagnfræðingur og fjallaði hann um sagnfræðinginn Guðna Jónsson og verk hans. Að fyrirlestrinum loknum var afhjúpaður veglegur minnisvarði um Guðna en hann rakti einmitt sjálfur vakningu síns fræðilega áhuga til dvalar sinnar á Leirubakka.

Yfirskrift ráðstefnunnar var *Hálendi hugans* og var dagskráin afar fjölbreytt. Fjallað var um hálendi Íslands frá ýmsum sjónarhornum; sögu þess, þjóðsögur þær sem spunnist hafa í kringum hálendið, nýtingu og samspil náttúruaflanna og mannsins á þessu svæði.

Ekki er rúm hér til að nefna alla þau athyglisverðu erindi sem flutt voru en meðal fyrirlesara voru Ingólfur Á. Jóhannesson sagnfræðingur sem fjallaði um þjálfun tunglfara á Íslandi og staðhæfði að Ísland væri ekki líkt tunglinu. Unnur Birna Karlsdóttir gerði öræfi og virkjanir að umfjöllunarefni sínu í fyrirlestri um viðhorf til hálendisins í umræðu um virkjanir á 20. öld. Anna Dóra Sæþórsdóttir ferðamálafræðingur fjallaði um nýtingu hálendisins til nútíma ferðamennsku og Guðrún Ása Grímsdóttir sagnfræðingur dró upp mynd af því hverjir nýttu fyrrum byggðir og auðnir Íslands frá fjöru til fjalls. Að lokum má nefna líflegan fyrirlestur Ólínu Þorvarðardóttur þjóðfræðings um óttann við hið óþekkt.

En ekki aðeins var dagskrá ráðstefnunnar metnaðarfull heldur var öll umgjörð hennar hin glæsilegasta. Gistiðstaða á Leirubakka er með miklum ágætum og hafa gestir aðgang bæði að heitum pottum og gufubaði auk hinnar steinhlöðnu Snorralaugar þaðan sem óhindrað útsýni er til Heklu. Ströng fræðimennska var brotin upp með líflegum umræðum yfir ljúffengum hádegisverði sem starfsfólk Heklusetursins reiddi fram báða dagana af mikilli þryði. Seinnipart laugardags bauðst skemmtileg skoðunarferð um Hekluslóðir. Um leiðsögn sáu Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og Þór Jakobsson veðurfræðingur. Það sama kvöld fögnuðu ráðstefnugestir svo vel heppnuðum degi með ljúffengum hátíðarkvöldverði í Heklusetrinu. Undir borðum fjallaði Björk Þorleifsdóttir sagnfræðingur um skemmtanalíf á

hálendinu undir yfirskriftinni „Troddu þér nú inn í tjaldið hjá mér“. Vakti umfjöllun Bjarkar mikla kátínu.

Veg og vanda af skipulagningu landsbyggðarráðstefnunnar höfðu Björk Þorleifsdóttir, Guðni Th. Jóhannesson og Íris Ellenberger fyrir hönd Sagnfræðingafélagsins, Aðalheiður Guðmundsdóttir og Rósa Þorsteinsdóttir fyrir Félag þjóðfræðinga, auk ábúenda á Leirubakka.

Myndir af ráðstefnunni má sjá á heimasíðu Félags þjóðfræðinga á Íslandi, www.akademia.is/thjodfraedingar/index.htm

Unnur María Bergsveinsdóttir

<p style="text-align:center">SAGNFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS FYRIR 30 ÁRUM</p>
--

Sagnfræðingafélag Íslands á sér fróðlega sögu. Sumar hefðir félagsins eru margra ára gamlar (t.d. bókafundirnir í byrjun árs), en aðrar eru yngri. Hér er yfirlit yfir starf félagsins fyrir 30 árum, árið 1977. Í janúar var haldinn bókafundur þar sem fjallað var um nýleg sögurit. Einar G. Pétursson ræddi um bækurnar *Kennimark Kölska* í útgáfu Lýðs Björnssonar og *Galdrar og brennudómar* eftir Siglaug Brynleifsson. Loftur Guttormsson fjallaði um bókina *30. mars 1949* eftir Baldur Guðlaugsson og Pál Heiðar Jónsson. Í mars var haldinn fundur í Árnagarði þar sem rætt var um útgáfu mannkynsögubóka þar sem Ingi Sigurðsson (formaður félagsins) flutti framsögu og fulltrúar bókaforlaga tóku þátt í hringborðs-umræðum.

Í apríl var fundur þar sem Páll Bergþórsson ræddi um loftslagsbreytingar og landbúnað á Íslandi. Aðalfundur var haldinn í byrjun nóvember þar sem Jón Hnefill Aðalsteinsson var kjörinn formaður. Á fundinum fjallaði Gísli Ágúst Gunnlaugsson um millipínganefndina í fátækarmálum 1902-05. Í desember flutti Björn Teitsson svo erindi um eyðibýlarannsóknir.

<p style="text-align:center">WWW.SOGUSLODIR.HI.IS</p>
--

26. NORRÆNA SAGNFRÆÐINGAÞINGIÐ Í REYKJAVÍK

Það hefur líklega ekki farið framhjá mörgum sagnfræðingum að 26. Norræna sagnfræðingaþingið fór fram í Háskóla Íslands, dagana 8.-12. ágúst síðastliðinn. Þetta var langstærsti viðburður sem íslenskt sagnfræðisamfélag hefur tekist á við hingað til og því mikið undir, að vel til tækist. Hér skipti ekki litlu að síðast þegar þingið var haldið hér á landi, árið 1987, tókst það afar vel enda lögðust þá allir á eitt um að gera þennan atburð eftirminnilegan.

Alls mættu tæplega 350 skráðir þinggestir á staðinn, fyrir utan maka og fylgifiska en margir hinna erlendu gesta notuðu tækifærið og framlengdu dvöl sína hér á landi til að kynna aðeins betur þeim hluta þjóðarinnar, sem ekki eru sagnfræðingar. Íslendingar og Svíar voru fjölmennastir á meðal þinggesta, en þar mátti einnig finna Norðmenn, Dani, Finna, einn Færeying og einn Grænlanding, auk Þjóðverja, Bandaríkjamanna, Belga, Rússa, Skota, Breta og Japana. Það hlýtur að teljast ánægjuefni að fræðimenn leggi á sig ferðir yfir hálfan hnöttinn til þess eins að fylgjast með sagnfræðiatburðum hér á landi.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og helsti stuðningsaðili þingsins flutti setningarraðu, Kristín Ingólfssdóttir rektor flutti ávarp og Dr. Steve Murdoch, lektor við St. Andrews flutti opunarýrilesturinn að þessu sinni. Dagskrá þingsins var fjórföld og jafnvel fimmföld á stundum, þó svo að málstofur væru misvel sóttar. Þetta vekur vissulega upp spurningar um hvort breyta eigi fyrirkomulagi þingana, en greinilegt var að áhugi á stórum málstofum eins og heilsdagsefnum er í rénun.

Dagskrá þingsins gekk furðulega snurðulaust

fyrir sig, ef frá er talin flutningur á málstofum vegna framkvæmda við Háskólatorg. Að dagskráin gekk að mestu leyti upp er ekki síst að þakka vösku gengi sagnfræðinema sem vann linnulaust frá morgni til kvölds við þingið, og það í sjálfboðavinnu!

Þá var reynt eftir megni að gera félagslega þátt þingsins myndarlegan. Að lokinni setningarathöfn var efnt til hófs í Aðalbyggingu Háskólans og á fimmtudeginum var öllum boðið í hof í Ráðhúsi Reykjavíkur. Á föstudeginum tók svo landsnefnd sig til ásamt sjálfboðaliðum og bauð heim um 100 gestum þingsins. Á laugardeginum var dagskráin opin og gátu þá gestir þá valið um ýmsar skoðunarferðir. Fór undirritaður meðal annars með tíu manna hóp á Esjuna og mæli ég eindregið með sameiningu fjallgangna og fræða. Á sunnudeginum var svo ráðstefnunni slítið við hátíðlega athöfn á Hótel Sögu og um leið tilkynnt að næsta þing verði í Tromsö í Noregi.

Í tengslum við þingið gaf Sagnfræðistofnun út þrjú ráðstefnurit, sem hefur að geyma fyrirlestra sem haldnir voru á þinginu.

Fyrir hönd landsnefndar vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn við að gera þetta þing að eftirminnilegum atburði og um leið minna alla á Norræna kvenna- og kynjasöguþingið sem haldið verður hér á landi að ári liðnu (11.-14. ágúst 2008). Ekki missa af því.

Einar Hreinsson

framkvæmdastjóri 26. Norræna sagnfræðingaþingsins

ATHUGASEMD VIÐ HÁDEGISFYRIRLESTUR

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands barst eftirfarandi athugasemd frá Sverri Schopka, með beiðni um að henni yrði komið á framfæri í fréttabréfi félagsins:

„Í Morgunblaðinu 19. febrúar 2007 er sagt frá fyrirhuguðu erindi Ómars Ragnarssonar um óvænta uppgötvun á hálendinu, sem hann ætlar að halda hjá Sagnfræðingafélagi Íslands. Hann slær þeirri fullyrðingu fram, að þýskur prófessor, Emmy Todtmann, hafi hlaðið vörður á Sauðármel norðan Vatnajökuls 1938 til að undirbúa innrás Þjóðverja á Ísland. Þessi fullyrðing Ómars er al-

gjör della og óskiljanlegt, hvernig hann tekur sér leyfi til að koma óorði á virta vísindakonu og Íslandsvin. Ég þekkti Emmy Todtmann persónulega. Hún var félagi í Þýsk-íslenska vináttufélaginu í Hamborg og átti marga vini og kunningja á Íslandi, enda þekkt fyrir rannsóknir sínar á Vatnajökli. Norður fyrir jökulinn kom hún fyrst 1950 og stundaði næstu árin rannsóknir á Brúarjökli.

Mér þætti vænt um, ef þú kæmir athugasemd minni á framfæri í Fréttabréfi ykkar.

Sverri Schopka.“

HVAÐ ER EVRÓPA? / HVAÐ ER VARÐVEISLA?

DAGSKRÁ HÁDEGISFUNDA VETRARINS 2007-08

Haust 2007: Hvað er Evrópa?

11. september

Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur: Er Ísland í Evrópu?

25. september

Magnús Árni Magnússon Evrópufræðingur: Erum við þá Rómverjar núna?

9. október

Axel Kristinsson sagnfræðingur: Evrópska samkeppniskerfið.

23. október

Guðmundur Hálfðanarson sagnfræðingur: Hvað er Evrópa – hugmynd, álfa, ríkjasamband ...?

6. nóvember

Sverrir Jakobsson sagnfræðingur: Uppruni Evrópu.

20. nóvember

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra: „Minn staður er hér þar sem Evrópa endar“

Vor 2008: Hvað er varðveisla?

15. janúar

Hrafn Sveinbjarnarson sagnfræðingur: Syndaflóðið kemur eftir vorn dag – um varðveislu íslenskra skjalasafna.

29. janúar

Kristín Huld Sigurðardóttir fornleifafræðingur: „Það er engum för til fjár að fara að brjóta hauga“.

12. febrúar

Unnur María Bergsveinsdóttir sagnfræðingur: Hvað er að heyra. Varðveisla munnlegra heimilda.

26. febrúar.

Már Jónsson sagnfræðingur: Varðveisla texta. Hvað er það?

11. mars

Örn Hrafnkelsson sagnfræðingur: Hver gætir hagsmuna minna? Um söfnun og aðgengi að einkaskjala-söfnum í Landsbókasafni.

25. mars

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir sagnfræðingur: Varðveisla fornminja í upphafi 19. aldar.

8. apríl

Anna Lía Rúnarsdóttir mannfræðingur: Minjar í torfi: hugmyndafræði varðveislu Núpsstaðar.

22. apríl

María Karen Sigurðardóttir forvörður: Hvenær hendir maður ljósmynd?

6. maí

Kristinn Schram þjóðfræðingur: Að endurheimta augnablikið? Þjóðfræði, kvikmyndatækni og íronía.

Hádegisfundirnir eru í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands og standa á milli 12:05 og 13:00

FRÁ FÉLAGI UM ÁTJÁNDU ALDAR FRÆÐI

Starfsemi Félags um átjándu aldar fræði hefur verið óvenju mikil og fjölskrúðug frá því á sl. hausti. Málþing félagsins í vetur voru mjög vel sótt, svo og sumarferðin um Mýrdal, Eyjafjallasveit og Fljótshlíð. Í júlí sótti hópur félagsmanna tólfstu alþjóðaráðstefnuna um upplýsinguna í Montpellier í Frakklandi. Eftir ráðstefnuna var farið í ferð um söguslóðir í París og nágrenni, þar sem fleiri félagsmenn bættust í hópinn. Um miðjan ágúst efndi félagið til norrænnar ráðstefnu um nýjar rannsóknir á upplýsingunni á Norðurlöndum í kjölfar norræna sagnfræðingafélagsins sem haldið var í Reykjavík skömmu áður. Allar þessar samkomur þóttu takast með ágætum.

Fyrsta málþing félagsins í haust verður laugardaginn 27. október um *Húsakynni og híbýlaprýði á átjándu öld*. Þá verður fjallað um margvísleg menningarverðmæti sem varðveist hafa hér á landi frá fyrri tíð og hvaðan fyrirmyndirnar helst komu. Málþingsstjóri verður Þóra Kristjánsdóttir og fyrirlesarar verða fræðimennirnir Arndís Árnadóttir, Hjörleifur Stefáns-son, Ragnheiður Traustadóttir, Sigurður Pétursson og Þór Magnússon. Laugardaginn 9. febrúar 2008 verður málþing um *iðkun vísinda og náttúru Íslands á átjándu öld og öndverðri nítjándu öld*. Þriðja málþingið á næsta starfsári verður haldið laugardaginn 12. apríl í vor undir yfirskriftinni *Útrás Íslendinga á átjándu öld*. Málþingin verða haldin í Þjóðarbókhöfðu, fyrirlestrasal á 2. hæð. Í júní verður farið í hina árlegu sumarferð félagsins innanlands undir leiðsögn kunnugra. Í

undirbúningi eru ýmis málþing á vegum félagsins á næstu árum; meðal annars er fyrirhugað málþing á Akureyri í samstarfi við Sagnfræðingafélag Akureyrar haustið 2008 og í febrúar 2009 verður málþing í Reykjavík í tilefni þess að á því ári verða liðnar tvær aldir frá valdaskeiði Jörundar hundadagakonungs hér á landi. Þá verður haldið málþing um Skúla fógeta í febrúar 2011 í tilefni þess að á því ári verða liðnar þrjár aldir frá fæðingu hans.

Félagar í Félagi um átjándu aldar fræði eru nú 225 talsins. Á aðalfundi í febrúar sl. lét Ragnheiður Bragadóttir af formennsku eftir að hafa gegnt því starfi í tvö kjörtímabil (fjögur ár). Stjórn félagsins skipa nú: Þóra Kristjánsdóttir formaður, Sigurður Pétursson varaformaður, Helga Kristín Gunnarsdóttir gjaldkeri og Ólöf Garðarsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru þau Árni Daníel Júlíusson, Ingi Sigurðsson, Ragnhildur Bragadóttir, Steinunn Haraldsdóttir og Svanfríður Óskarsdóttir.

Vefslóð félagsins er: www.akademia.is/18.aldin. Þar birtast m.a. upplýsingar um málþing og aðra starfsemi þess.

Félagið gefur út rafrænt tímarit sem ber heitið *Vefnir. Tímarit Félags um átjándu aldar fræði*. Ritstjóri Vefnis er Bragi Þorgrímur Ólafsson (bragio@bok.hi.is). Vefsíða: www.bok.hi.is/vefnir.

VIÐTÖL VIÐ KONUR ÚR KVENNABARÁTTUNNI

Miðstöð munnlegrar sögu auglýsir eftir einstaklingi til að vinna að söfnunarverkefni á vegum Miðstöðvarinnar sem nefnist *Minningar úr kvennabaráttunni 1965-1980*. Verkefnið felst í því að taka viðtöl við konur sem voru virkar í kvennabaráttunni á sjöunda og áttunda áratugnum, skrá viðtölin, vinna fræðilega úr þeim og gera þau aðgengileg til notkunar. Verkefnið verður mótað og unnið í samvinnu við Miðstöðina og Kvennasögusafn Íslands. Viðtölin verða varðveitt í Miðstöð munnlegrar sögu og leggur hún til tæki og aðstöðu vegna vinnunnar. Miðað er við að tekin verði 15-20 viðtöl á tímabilinu október 2007 - apríl 2008.

Ekki er um launað starf að ræða heldur veitir Miðstöðin styrk, að fjárhæð 600 þús. kr., með möguleika á frekara framlagi ef peningar

fást. Til greina kemur að nýta verkefnið sem lokaverkefni í framhaldsnámi í háskóla.

Áhugasamir hafi samband við Unni Maríu Bergsveinsdóttur, starfsmann Miðstöðvar munnlegrar sögu, fyrir 20. september næstkomandi. Hún veitir nánari upplýsingar í síma 525 5776 eða með tölvupósti (munlegsaga@munlegsaga.is)

Benda má á heimasíðu Miðstöðvarinnar, www.munlegsaga.is, en þar er að finna margvíslegar upplýsingar um miðstöðina, leiðbeiningar um viðtalstækni, síðareglur, nauðsynlegan tæknibúnað og fleira. Þar er einnig hægt að hlusta á ýmis viðtöl sem Miðstöðin hefur safnað, t.d. um stríðsárin í Kaupmannahöfn, ungverskt flóttafólk á Íslandi og ýmislegt fleira.

Ritsafn Sagnfræðistofnunar - þrjú ný rit

Í tengslum við Norræna sagnfræðingabætur komu út þrjú ný hefti í ritsafni Sagnfræðistofnunar; *Vänner, patroner och klienter i Norden 900–1800*, *Kvinnor och politik i det tidigmoderna Norden* og *Encountering Foreign Worlds: Experiences at Home and Abroad*. Sjá nánar: www.haskolautgafan.hi.is.

Sögustríð

Í lok máí kom út bókinn *Sögustríð* eftir Sigurð Gylfa Magnússon. Í bókinni er að finna sjónarhorn höfundar á þróun og stöðu háskólasamfélaga hér á landi og erlendis. Bókin er að hluta til fræðileg sjálfsævisaga Sigurðar Gylfa þar sem hann rekur margvísleg átök innan hins akademíska heims á undangengnum 15 árum. Að auki er að finna tvær greinar eftir bandarísku sagnfræðingana Peter N. Stearns og Harvey J. Graff.

Bréf Jóns Guðmundssonar

Þjóðskjalasafn Íslands gaf nýlega út bókina *Jón Guðmundsson ritstjóri. Bréf til Jóns Sigurðssonar forseta 1855-1875*. Einar Laxness bjó bókina til prentunar og skrifar inngang og skýringar.

Ritið

Ritið 3/2006 er komið út og er helgað stríði og friði. Þar er að finna þrjár greinar sem snúa að því þema, þá eru þrjár greinar um bókmenntir og loks eru myndverk og þýðing. Meðal höfundar eru Liz Stanley, (sem hélt minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar á Söguþinginu 2006), Gunnþórunn Guðmundsdóttir, og Rósa Magnúsdóttir. Bókmenntagreinarnar í heftinu eru um íslenska höfunda að þessu sinni, og eru eftir þau Dagnýju Kristjánsdóttur, Jón Karl Helgason og Magnús Fjalldal.

Atvik

Út er komin ellefta bók Atviksritraðarinnar: *Almenningsálitid er ekki til*. Um er að ræða greinasafn franska félagsfræðingsins Pierre Bourdieu (1930-2002), en ýmsir sagnfræðingar hafa notast við kenningar hans. Ritstjóri er Davíð Kristinsson og hann skrifar formála um Bourdieu. Atviksritröðin hefur fengið nýtt útlit og er nú gefin út í samvinnu Reykjavíkur-Akademíunnar og útgáfufélagsins Omdúrman.

Gripla

Gripla XVII (2006) er nýkomin út. Þar er að finna sex greinar og minningarorð um látna fræðimenn. Jónas Kristjánsson skrifar um skáldskap Egils Skallagrímssonar, Haraldur Bernharðsson skrifar greinina „Göróttur er drykkurinn. Fornmálsorð í nútímabúningi“, Kristján Árnason ritar grein um forna bragfræði, Kári Gíslason birtir greinina „Reading for Saga Authorship. A Character-based Approach“ og Þorleifur Hauksson skrifar greinina „Grýla Karls ábóta“. Loks birtir Sigurjón Páll Ísaksson þýðingar Gísla Brynjólfssonar.

Jón Ólafsson úr Grunnavík

Nýlega kom út ritið *Náttúrufræði* eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705-1779). Í ritinu er að finna greinarnar „Fiskafræði“ og „Steinafræði“ sem Jón samdi um 1737 og birtast nú í fyrsta sinn. Góðvinir Grunnavíkur-Jóns standa að útgáfunni.

Fyrstu sögur

Út er komin bókinn *Fyrstu sögur* sem hefur að geyma ýmsar sögur frá 18. og 19. öld, sem ekki hafa verið gefnar út áður. Um er að ræða sögurnar *Víðferlissaga* Eiríks Björnssonar, *Sagan af Níels eldra og Níels yngra*, *Sagan af Árna ljúflingi yngra*, skáldsaga Skúla Bergþórssonar um *Eirík Loftsson og Jón Geirmundarson*. Í bókarlok er svo ritgerð Ólafs Davíðssonar, *Bókmenntir kvenna*, frá því um 1880. Umsjónarmenn útgáfunnar eru Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir.

Samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar

Nýlega kom út ritið *Samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar á 20. öld. Framtíðarsýn á 21. öldinni* sem hefur að geyma erindi frá ráðstefnu Eflingar og Reykjavíkur-Akademíunnar frá september 2006.

Öryggissjóður verkalýðsins

Í vor kom út bókinn *Öryggissjóður verkalýðsins - barátta fyrir atvinnuleysistryggingum í hálföld* og er það saga Atvinnuleysistryggingasjóðs. Höfundur bókarinnar er Þorgrímur Gestsson.

Við brún nýs dags

Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur hefur skrifað bókina *Við brún nýs dags. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906-1930*. Bókin er 19. bindið í ritröð Sagnfræðistofnunar.

TIMARIT.IS FIMM ÁRA

Nú í september er vefur Landsbókasafns, Timarit.is, fimm ára. Vefurinn var opnaður í lok september 2002, en undirbúning verkefnisins má rekja til ársins 1998. Við opnunina voru nítján blöð og tímarit aðgengileg á síðunni, en í dag eru þau 223 talsins sem hafa að geyma rúmlega eina milljón blaðsíðna, og enn bætast þar við blöð og tímarit. Þar er nú hægt að gera orðaleit í *Þjóðólfi*, *Ísafold* svo og í Vesturheimsblöðunum *Lögbergi* og *Heimskringlu*. Þá er *Lesbók Morgunblaðsins* komin inn á vefinn og nýrri blöð á borð við *DV* og *Fréttablaðið*. Loks má vekja athygli á því að fyrstu árgangar *Þjóðviljans* eru komnir inn á netið.

AÐALFUNDUR SÖGUFÉLAGS

Aðalfundur Sögufélags verður haldinn laugardaginn 13. október næstkomandi. Fyrirlesari verður dr. Lára Magnúsdóttir. Sjá nánar innan skamms á heimasíðu félagsins, www.sogufelag.is og á Gammabrekku þegar nær dregur.

DOKTORSVÖRN Í SAGNFRÆÐI

Í júní síðastliðnum varði Lára Magnúsdóttir doktorsritgerð í sagnfræði við hugvísindadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin ber titilinn *Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275-1550. Lög og rannsóknarforsendur*. Andmælendur voru dr. Haki Antonsson og dr. Orri Vésteinsson. Leiðbeinendur Láru voru Már Jónsson, prófessor í sagnfræði, Hjalti Hugason, prófessor í guðfræði og Guðrún Ása Grímsdóttir, vísindamaður við Árnastofnun. Doktorsritgerðin kom út hjá Háskólaútgáfunni í vor og er til sölu í Bóksölu Stúdentna, Sögufélagi og víðar. Lára verður með fyrirlestur á aðalfundi Sögufélags 13. október.

BREYTINGAR Í SAGNFRÆÐISKOR

Í vor voru þau Halldór Bjarnason og Ragnheiður Kristjánsdóttir ráðnir aðjúntar við sagnfræðiskor Háskóla Íslands. Guðni Th. Jóhannesson var ráðinn lektor við lagadeild og viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, til kennslu og rannsókna í samtímasögu.

RÁÐSTEFNUR Á NÆSTUNNI

Alþjóðleg ráðstefna um skipalestir

Alþjóðleg ráðstefna um skipalestir bandamanna til Sovétríkjanna í seinni heimsstyrjöld verður haldin á vegum Sagnfræðistofnunar í Háskóla Íslands 9.-13. júlí 2008. Frekari upplýsingar veitir Eliza Reid, eliza@elizareid.com, 893-4173. Sjá þingcall á síðunni: www.hug.hi.is

Kyngervi, rými og mörk

Dagana 11.-14. ágúst 2008 verður 9. þing norræna kvennasögu og kynjasögufraeðinga haldið við Háskóla Íslands. Sjá nánar: www.soguslodir.hi.is.

Cultural Encounters and Historical Practice

Dagana 7.-9. nóvember 2007 verður haldin ráðstefnan *Cultural Encounters and Historical Practice* á vegum Nordic network for Global Cultural History. Skráning á ráðstefnunan er hafin. Sjá nánar: www.globalkulturhistorie.au.dk/

Fréttabréf Sagnfræðingafélagsins er prentað hjá Fjölrítunarstofu Daníels Halldórssonar.

Efni í fréttabréfið má senda á bragio@bok.hi.is

International Society for the Study of European Ideas

Dagana 28. júlí-2. ágúst 2008 verður haldin ráðstefna í Helsinki undir yfirskriftinni *History on Ordinary Writings and Scribal Culture - on the history of writing in the 19th and 20th centuries*. Leitað er að þemum fyrir ráðstefnuna og má senda hugmyndir til: m.lyons@unsw.edu.au / anna.kuismin@finlit.fi fyrir 31. október næstkomandi. Sjá nánar: <http://agricola.utu.fi/nyt/pyynnot/index.php?ilmoitus=155>

Telling The Past Now. Historiographies for the 21st Century

22.-24. nóvember næstkomandi verður haldin ráðstefna í Árósum með þemanu *Telling The Past Now. Historiographies for the 21st Century*. Sjá nánar: <http://www.ifi.au.dk/historiography>.

Áframsendið ekki!
Sagnfræðingafélag Íslands
Hringbraut 121, 107 Reykjavík
